

**Ed.**

## **171. Nefndarálit**

um frv. til laga um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Með frv. þessu eru dregin saman í eina heildarlöggjöf ýms eldri lög um búfjárræktina, svo sem lög um hrossakynbætur, lög um nautgriparækt, lög um búfjártryggingar og lög um samþykktir um eftirlits- og fóðurbirgðafélög. Jafnframt hefir svo farið fram endurskoðun á þessum lögum og loks er tekinn inn í frv. nýr kafli um sauðfjárrækt.

Nefndin lítur svo á, að heppilegt sé að sameina í eitt öll lög um þessa mikilsverðu grein búnaðarins, og með þeim endurbótum á búfjárræktarlöggjöfinni, sem felast í þessu frv., sé lagður traustari grundvöllur að umbótum á búfjárræktinni, sem orðið hafa mjög útundan að þessu.

Að sjálfsögðu hefir þessi löggjöf í för með sér nokkuð aukin gjöld fyrir ríkið. Eftir því, sem nautgriparáðunautur Bf. Ísl. hefir skýrt nefndinni frá, eru líkur til, að sú útgjaldaaukning nemi 20—30 þúsundum króna árlega næstu ár, svo vitanlega má gera ráð fyrir nokkru meiri útgjöldum með aukinni þátttöku og áhuga landsmanna í kynbótastarfinu, en þar sem búnaðinum er alveg lífsnauðsyn, að búfjárræktin geti tekið stórfelldum endurbótum, verður að telja vel varið því aukna framlagi ríkisins, sem til þess gengur.

Nefndin leyfir sér því að leggja til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

### **BREYTINGUM.**

1. Við 11. gr. Önnur málsg. falli burt.
2. Við 20. gr. Annar másl. 1. málsgreinar orðist svo:  
Hesta, sem nefndin velur, skal hún kaupa eða taka á leigu til afnota í hreppnum.
3. Við 21. gr. Seinni másl. falli burt.
4. Við 24. gr. Í stað orðanna „hvar hann hittist“ komi: hvar sem er.
5. Við 43. gr. d-liður orðist svo: Hve margt kynbótafé liver félagsmaður hafi, og má samanlögð ærtala félagsmanna ekki vera lægri en 50 og hvers einstaks ekki hærrí en 30.

6. Við 44. gr.
  - a. Í stað „75 kr.“ komi: 50 kr. — og í stað „20 kr.“ komi: allt að 50 kr.
  - b. síðari málsgr. falli burt.
7. Við 45. gr. Í stað orðanna: „Við ábúendaskipti“ komi: Ef styrkþegi hættir að reka búíð.
8. Við 55. gr. Í stað orðanna ”56. gr.“ komi: 57. gr.
9. Við 57. gr. Í stað „30, 50, 25, 5“ í greininni komi: 50, 40, 20, 4.
10. Við 58. gr. Greinin orðist svo:

Nú kemur það í ljós að lokinni skoðun, sbr. 53. gr., að tryggingar-sjóður nægir ekki til fóðurkaupa, og er þá félaginu heimilt lán úr bjargráða-sjóði til þess, er á vantar, sem nemur hluta hreppsins í sjóðnum, gegn 5% ársvöxtum og endurgreiðslu innan fimm ára.

Skýlt er hreppsnefnd að ábyrgjast bráðabirgðalán og rekstrarlán fyrir félagið.
11. Við 75. gr. Greinina skal orða svo:

Vátryggingariðgjaldið hvílir sem lögveð á hinum vátryggðu grip-um og gengur fyrir öllum öðrum veðskuldbindingum, er á þeim hvíla. Greiðsluskyldan hvílir á þeim, er hefir not hins vátryggða grips, hvort sem hann er eigandi eða leigjandi.

Alþingi, 1. ágúst 1931.

Páll Hermannsson,  
form.

Pétur Magnússon,  
fundaskrifari.

Jón Jónsson,  
frsm.